



Reykjavík, 28. nóvember 2023

## Forsætisnefnd

Lagt er fram til kynningar nýtt verkefni sem tengist með beinum hætti aðild Reykjavíkurborgar að tengslaneti evrópskra borga sem eru þátttakendur í vegferð CINEA stofnunar ESB um “kolefnishlutlausar snjallborgir” (CIT MISS).

Reykjavíkurborg hefur í nokkur ár unnið skipulega að því að auka þátttöku sína í verkefnum sem kostuð eru af utanaðkomandi aðilum, með áherslu á að veita Græna Planinu framgang. Kortlagning á þessari sókn og hvernig henni skyldi háttað fram á mitt ár 2025 var samþykkt í forsætisnefnd í júní 2023.

Hér er verið að leggja fram til kynningar nýlega vinnu við framgang þessarar sóknar en hún hefur þegar á þessu ári skilað einum stórum verksamningi (AMIGOS) sem kom til framkvæmda í júní og nú tilboði um að ganga til annars verksamnings (GreenIn Cities) sem mun koma til framkvæmda strax eftir áramótin 2023-2024.

Málið (verkefnið) sem lagt er fram til kynningar hér er hýst hjá Atvinnu- og borgarþróunarteymi SBB og unnið í góðu samstarfi við það fagsvið borgarinnar sem kemur að ólíkum verkþáttum og ákvörðunum varðandi samgöngumál borgarinnar, sérstaklega er varðar þróun í átt til frekari hlutdeildar almenningssamgangna og virkra samgönguhátta.

Virðingarfyllt,

Harpa Sif Eyjólfsdóttir og Krístrún Th. Gunnarsdóttir

Miðlæg stjórnarsýsla

Hjálagt:

Minnisblað um Twinning Program.NZC

## Twin program NetZeroCities

Reykjavíkurborg er aðili að tengslaneti evrópskra borga sem taka þátt í vegferð CINEA stofnunar ESB um “kolefnishlutlausar snjallborgir” (CIT MISS). Samstarf 34 rannsóknarstofnanna, NetZeroCities (NZN, <https://cordis.europa.eu/project/id/101036519>), fer með umsýslu og stuðning við tengslanetið (t.d., með því að skipuleggja samkeppnir um svokallaðar "Pilot Cities" (tilraunaborgir) og "Twin Cities" (tengiborgir). Vorið 2023 valdi NZN 53 "Pilot" borgir sem eru fullkostaðar til að innleiða nýstárlegar aðferðir með því markmiði að flýta fyrir kolefnishlutleysi og snjallvæðingu. Í kjölfarið auglýsti NZN eftir áhuga borga á að komast að sem tengiborgir og komast þannig í nán tengsl við eina eða fleiri "Pilot" borg til að læra af þeirra innleiðingarverkefnum.

Reykjavíkurborg lagði upp með umsókn sína um tengiborgarstöðu í samráði við fulltrúa USK/Reykjavíkur hjá NZN. Umsóknin var samþykkt og hefur borgin verið pörðuð saman við **Lahti** í Finnlandi þar sem áherslan er á *virkar samgöngur*. Markmiðið er að hér fari fram þekkingarmiðlun á báða bóga (bæði gegnum fjarbúnað og staðarheimsóknir). Borgirnar munu deila sín á milli góðum starfsháttum, aðgerðamiðaðri markmiðasetningu, samsköpunarstarfsemi (co-creation activity) og farið verður í vettvangsheimsóknir. NZN borgar ferðakostnað. Lahti mun deila með sér reynslu af innleiðingarverkefnum til að auðvelda Reykjavíkurborg að sérsníða, staðfæra og innleiða aðgerðir í eigin vegferð í átt að kolefnishlutleysi. Aðgerðirnar verða svo teknar saman í svokallaðri endurtekningaráætlun (Replication Plan) sem skila á í lok samvinnutímans. Óskastaða í lok verkefnis er að þróuð sé aðgerðaráætlun sem hefur marktæk áhrif á losun kolefnis og styður við virka samgönguhætti og Græna planið.

Verkefnið fór formlega í gang í október 2023 og mun vara í 20 mánuði. Gerð er krafa um að minnsta kosti 12 klst vinnu í hverjum mánuði, en raunhæfara er að áætla 4PM yfir 20 mánaða tímabil = 20% starf sem er kostað úr (álags- og áhættu-) sjóði rannsókna og nýþróunar (UNYÞRÖUN). Verkefnið er unnið í nánú samstarfi Atvinnu- og borgarþróunarteymis og sérfræðinga í loftlagsmálum, samgöngum og borgarhönnun hjá USK.

Tengiborgarverkefnið er hluti af uppbyggingu alþjóðlegs samstarfs um rannsóknir, nýsköpun og þróun og er unnið út frá Siglingarkortinu sem var samþykkt í forsætisnefnd í júní 2023. Þátttaka í verkefninu styrkir tengsl við aðrar borgir í CIT MISS leiðangrinum, styrkir innra samstarf á milli sviða Reykjavíkurborgar og stækkar tenglanet teymisins.